

4. mars 1987

129

Nr. 86

## REGLUGERÐ

um afnám banns við togveiðum út af Austfjörðum.

1. gr.

Þann 5. mars 1987 kl. 12:00 á hádegi, er felld úr gildi reglugerð nr. 55 11. febrúar 1987, um bann við togveiðum út af Austfjörðum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. mars 1987.*

F.h.r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Pórður Eyþórsson.*

3. mars 1987

Nr. 87

## AUGLÝSING

um ábyrgðartryggingar ökutækja.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 3. málsg. 70. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 65 16. maí 1978, er ákveðið, að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartrygginga ökutækja samkvæmt 1. og 2. málsg. 70. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 31 22. maí 1980, skuli vera kr. 38 800 000 fyrir hvert vélknúið ökutæki, sem flytja má fleiri farþega en tíu, og kr. 19 400 000 fyrir önnur ökutæki.

2. gr.

Samkvæmt heimild í 1. málsg. 73. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 16 30. apríl 1982, er ákveðið, að eigin áhætta þess, sem fébótaábyrgð ber á tjóni samkvæmt 69. gr. umferðarlaga, skuli vera kr. 6 500, ef tjónið nemur þeirri fjárhæð, en ella ber hann ábyrgð á tjóninu að fullu.

3. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar gilda frá 5. mars 1987. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 108 5. mars 1986 um ábyrgðartryggingar ökutækja.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. mars 1987.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*